

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 24. janúar 2022

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um styrki til rekstraraðila veitingastaða sem hafa sætt takmörkunum á opnunartíma, 232. mál

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til umsagnarbeiðni efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 20. janúar sl., vegna ofangreinds þingmáls á þingskjali 332.

Með frumvarpinu er lagt til nýtt stuðningsúrræði til að koma til móts við vanda aðila í veitingarekstri sem hafa orðið fyrir verulegu tekjufalli sökum takmarkana á opnunartíma sem gripið var til vegna kórónuveirufaraldursins á síðari hluta ársins 2021 og í ársbyrjun 2022. Lagt er til að greiddir verði beinir styrkir til veitingastaða, 500-600 þúsund kr. á stöðugildi eftir því hversu tekjufall fyrirtækisins hefur verið mikið af völdum skerðingar á opnunartíma. Styrkirnir geti að hámarki numið 10-12 milljónum króna.

FA telur að með frumvarpi þessu sé bætt úr brýnni þörf fyrirtækja á veitingamarkaði fyrir stuðning til að mæta þeim áföllum sem hertar sóttvarnaaðgerðir á síðustu mánuðum ársins 2021 höfðu í för með sér fyrir reksturinn. Þessi úrræði bætast við þau sem Alþingi samþykkti í síðustu viku (210. mál) en með samþykkt þess frumvarps var veitingastöðum heimilað að sækja um frest á staðgreiðslu launa og tryggingagjalds á allt að tveimur gjalddögum á fyrstu fimm mánuðum ársins 2022.

Hitt er svo annað mál, að fyrirtæki í ýmsum öðrum geirum en veitingageiranum hafa orðið fyrir tekjufalli í faraldrinum að undanfögnu, ekki sízt smærri fyrirtæki. Nefna má sem dæmi minni framleiðslu- og útflutningsfyrirtæki sem hafa orðið fyrir áföllum bæði vegna samkomutakmarkana og breyttra aðstæða á mörkuðum vegna þróunar faraldursins.

Félagið ritaði fjármálaráðherra erindi í lok október sl. og benti á að óvissan um þróun faraldursins væri slík, að óvarlegt væri að láta flest stuðningsúrræði fyrir atvinnulífið renna sitt skeið í lok ársins 2021. Það varð þó raunin. Reglugerðarákvæði um átakið „Hefjum störf“ féllu úr gildi um áramót, viðspyrnustyrkir runnu sitt skeið í lok nóvember, tímabundin lækkun tryggingagjalds féll úr gildi í árslok auk þess sem frestun gjalddaga staðgreiðslu og tryggingagjalds gildi einvörðungu út árið. Þingið endurnýjaði hins vegar lagaákvæði um stuðning við fyrirtæki vegna launagreiðslna starfsmanna í sóttkví.

Þær hörðu samkomutakmarkanir, sem nú eru í gildi, bitna á mun fleiri fyrirtækjum en þeim sem starfa í veitingageiranum. Að mati FA er óhjákvæmilegt að stjórnvöld bregðist við með almennum stuðningsaðgerðum. Í samhengi þessa máls ætti að útvíkka ákvæði frumvarpsins og endurreisa kerfi viðspyrnustyrkja sem veittir væru fyrirtækjum óháð atvinnugreinum en á grundvelli skilyrða um tekjufall sem rekja má til heimsfaraldursins.

FA er þeirrar skoðunar að í ljósi áframhaldandi óvissu um sóttvarnaraðgerðir og þróun faraldursins ætti að búa þannig um hnúta að hægt sé að bregðast við áföllum með sveigjanlegum hætti og mæta hratt þörfum fyrirtækja fyrir úrræði sem létta undir með rekstrinum í stað þess að löggjafinn sé alltaf nokkrum skrefum á eftir.

FA áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum. Þá er félagið reiðubúið að funda með þingnefndinni.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA